

**mun-a** *so. vb.-i – heyra*  
[-di]

– ég man ekki hvað hann heitir

‡ • minna, minni, minning « gleyma

**líka** *ao.*

– hún vill líka koma með

‡ • líkt, líkja, líklegur, líklega, líkur (no), líkur (lo),  
ólíkur, hvílíkur, þvílíkur » einnig

**síðan** *ao./st.*

– hvað er langt síðan við höfum  
hist?

‡ • síðar, síðari

**sam-ur** *fn.*  
[söm, -t]

– ég tek sömu rútu og þú

‡ samr • saman, ásamt, samanburður,  
sameiginlegur, samkomulag, samkvæm,

**þjóð** *kvk. – mynd*  
[-ar, -ir]

– hvernar þjóðar er hann?

‡ • þjóðfélag

**fær-a** *so. vb.-i – heyra*  
[-ði]

– viltu færa stólinn frá hurðinni?  
– viltu færa mér kaffi?

‡ færa • sannfæra, fær, færi, tækifæri, hljóðfæri

**not-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– má ég nota hárpurrkuna þína?

‡ njóta • notkun

**ræ-ða** *so. vb.-i – heyra*  
[-ddi]

– við ræddum málin allt kvöldið

‡ ræða • ræða (no), samræða » segja, tala  
(so) « þegja

**mat-ur** *kk.*  
[-ar, -ar]

– hvað er í matinn í kvöld?

‡ matr

**þátt-ur** *kk. – dalur I*  
[-ar, þættir]

– þetta var skemmtilegur þáttur

‡ þáttur • þattaka

**svip-ur** *kk. – dalur*  
[-s, -ir]

– þau urðu áhyggjufull á svipinn

‡ svipr • svipaður

**sól** *kvk. – mynd*  
[-ar, -ir]

– það verður víst sól á morgun

‡ • sólskin, sólarhringur

**sjálfsagð-ur** *lo. – gulur Ö*  
[sjálfsögð, sjálfsagt]

– mér finnst sjálfsagt að hjálpa  
aðeins til

‡ sjálfsagðr • sjálfur, segja, sjálfstæður

**blá-r** *lo. – gulur*  
[-, -tt; -rri, -astur]

– hafið er blátt

‡ • fjólublár

**hrædd-ur** *lo. – gulur*  
[-, hrætt; -ari, -astur]

– ertu hræddur við drauga?

‡ hræddr

**lok** *hk. – hús*  
[-s, -]

– viltu segja eitthvað að lokum?

‡ • ljúka, lokinn, loks(ins); loka, lokaður » endi  
« upphaf, byrjun